

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd - 252. fundur

haldinn í Lóninu Linnetsstíg 3,
27. Júní 2017 og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðalmaður

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Linda H. Leifsdóttir fagstjóri frístundastarfs ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. 1701136 - Þáttökugjöld, niðurgreiðsla

Tekið upp mál sem var á fundi fræðsluráðs 31. maí sl. varðandi niðurgreiðslur þáttökugjalda. Skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Gunnar Gunnarsson hefur ritað bréf til nefndarinnar þar sem hann hvetur til þess að börn í skólanum njóti til jafns við önnur börn kosti frístundastyrkjanna. En í dag geta börn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og á frístundaheimilum bæjarins ekki nýtt niðurgreiðsluna í þau viðfangsefni.

Sent til nánari athugunar hjá íþróttá- og tómstundafulltrúa til skoðunar hvort það samræmist reglum um frístundastyrkinn og í fjárhagsáætlunar vinnu fyrir árið 2018.

2. 1612389 - Samningur við Rio tinto og ÍBH um íþróttir

Samningur milli Rio Tinto, ÍBH og Hafnarfjarðarbæ um stuðning við íþróttafélög lagður fram til samþykktar.

Nefndin samþykkir samninginn og fagnar auknu framlagi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.

Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
(n)

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
